Myndlist | Carnegie Art Award-sýningin opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag

Fjölbreytileiki í norrænni samtímalist

Eftir Flóka Guðmundsson
floki@mbl.is



Verk verðlaunahafans Eggerts Péturssonar á Carnegie Art Award.



Verk Karin Mamma Andersson, er hlaut fyrstu verðlaun.

CARNEGIE Art Award, sýning sem kennd er við samnefnd verðlaun, verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag. Á sýningunni getur að líta 49 verk eftir 21 listamann. Þeir voru valdir til þátttöku úr hópi 115 tilnefndra norrænna listamanna. Var valið í höndum dómnefndar skipaðrar sérfræðingum á sviði nútíma myndlistar. Þó viðfangsefnið sé myndlist er keppninni lagður til grundvallar víður skilningur á því sem í því felst. Sýningin er að meginuppistöðu myndlist í hefðbundnari skilningi en einnig gefur að líta innsetningar, kvikmyndir og verk þar sem notaðar eru bylgjur hljóðs og ljóss.

Ein stærstu verðlaun sinnar tegundar

Carnegie Art Award verðlaununum var upprunalega komið á fót árið 1998 í því augnamiði að efla norræna samtíma-málaralist og til að styðja framúrskarandi listamenn á Norðurlöndunum. Viðburðurinn var í fyrstu árlegur en hefur frá og með árinu 2003 farið fram annað hvert ár.

Anne Folke, verkefnisstjóri sýningarinnar, segir að verðlaunin séu ein þau stærstu sem veitt séu á sviði myndlistar, ef ekki þau stærstu. Hún ítrekar hins vegar að á meðan það sé augljóslega mikill fjárhagslegur ávinningur í að hreppa verðlaunin sé það eitt að vera valinn til þátttöku í sýningunni gríðarlega góð kynning fyrir listamennina. „Hvar sem við höfum komið hefur einhverjum listamönnum í framhaldinu verið boðið að taka þátt í eða halda eigin sýningar.“ Kynningin nær einnig út fyrir Norðurlöndin. „Þegar sýningum lýkur í Hafnarhúsinu 20. ágúst förum við til London eins og verið hefur síðastliðin ár. Við stefnum svo á frekari landvinninga. Til að mynda fer sýningin í ár til Nice í Frakklandi, en það er í fyrsta skipti.“

Halldór Björn Runólfsson, einn af dómnefndarmeðlimum vegna verðlaunanna, tekur undir orð Anne og segir sýninguna hafa gríðarlega þýðingu fyrir þá listamenn sem þar eiga verk. „Þetta er orðið miklu heitara en það nokkru sinni var. Frá og með 2001 fóru hin ýmsu gallerí langt fyrir utan Skandinavíu – í New York, London, Tókíó, Paris, Berlín – að fylgjast grannt með viðburðinum. Það er staðreynd að nokkrir listamenn hafa beinlínis slegið í gegn fyrir tilstuðlan sýningarinnar.“ Halldór bætir við að fyrir nokkrum árum hafi verið tekið upp á því að velja einn dómnefndarfulltrúa út fyrir Skandinavíu og þá heimsfrægt fólk. Það hafi tvímælalaust greitt götu sýningarinnar.

Meðal sýnenda eru að sjálfsögðu vinningshafarnir. Dómnefndin var einhuga um að veita sænsku listakonunni Karin Mamma Andersson fyrstu verðlaun og hlaut hún sem svarar um tíu milljónum íslenskra króna. Önnur verðlaun, sex milljón krónur, hlaut íslenski myndlistamaðurinn Eggert Pétursson. Finnska listakonan Petra Lindholm hlaut þriðju verðlaun en að auki féll í skaut Sirous Namazi frá Svíþjóð styrkur ætlaður listamanni af yngri kynslóð.



Morgunblaðið/PÖK

Frá blaðamannafundi vegna opnunar Carnegie Art Award í Hafnarhúsinu. Í forgrunni er Anne Folke verkefnisstjóri.

Auk Eggerts eiga íslensku listamennirnir Finnbogi Pétursson, Jón Óskar og Steingrímur Eyfjörð verk á sýningunni. Mega Íslendingar því una hlut sínum vel í ár.

Aðspurður segir Halldór að dómnefndin gangi ekki út frá neinum fyrirfram ákveðnum forsendum þegar listamenn eru valdir. „Við viljum gjarnan forðast kríteríur og reynum að velja það sem okkur finnst áhugavert og fínt í tengslum við málverk. Höfuðverkurinn liggur hins vegar í því að skilgreina hvar mörk málverksins liggja.“

Í sjöunda skipti á Íslandi

Sýningin í ár er sú sjöunda sem kemur til Íslands. Halldór segir sýninguna alltaf hafa verið vel tekið hérlendis og hlutur hennar fari vaxandi. „Ég viðurkenni að þegar sýningin kom fyrst hingað til lands þá var alls ekki auðvelt að vekja áhuga almennings á málverkasýningu á norrænu plani. „Norrænt“ og „málverk“ voru orð sem gengu ekki svo glatt ofan í landann. Þetta hefur hins vegar breyst enda fólk farið að gera sér grein fyrir hvað norrænir myndlistamenn hafa fram að færa.“

Leiklist | Pétur Gautur með flestar tilnefningar til Grímunnar

„Ekki síður mikilvægt að vera tilnefndur“

TILNEFNINGAR til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, voru tilkynntar í Borgarleikhúsinu síðdegis í gær. Flestar tilnefningar hlaut leiksýningin *Pétur Gautur* í sviðsetningu Þjóðleikhússins, eða tólf alls.

Auk hennar voru tilnefndar sýningarnar *Eldhús eftir máli* eftir Völu Þórsdóttur í sviðsetningu Þjóðleikhússins, *Forðist okkur* eftir Hugleik Dagsson í sviðsetningu Common Nonsense og Leiklistardeildar Listaháskóla Íslands, *Maríubjallan* eftir Vassily Sigarev í sviðsetningu Leikfélags Akureyrar og *Woyzeck* eftir George Büchner í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur og Vesturports.

Verðlaunin verða afhent í samtals 16 flokkum þann 16. júní nk. og alls komu 61 leiksýning og 11 útvarpsleikrit til álita í ár.

„Mesta grósku- og glæsitímabil í íslensku leikhúsi“

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði samkomuna auk þess að afhenda þeim tilnefndu viðurkenningarskjöl. Hann hafði á orði að ef hann hefði sótt allar sýningar sem hefðu verið í boði á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu hefði það tekið hann einn og hálfan mánuð að komast yfir þær allar, miðað við venjulega vinnuviku.



Morgunblaðið/PÖK

Þráinn Karlsson er tilnefndur sem besti leikari í aukahlutverki og tekur við viðurkenningarskjali úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar.

Ólafur sagði að Gríman væri orðin ein af höfuðverðlaunum okkar Íslandinga og sagðist „vera sannfærður um það að á allra síðustu árum höfum við orðið vitni að einhverju mesta grósku- og glæsitímabili í íslensku leikhúsi. Það er bjargföst sannfæring mín, vegna þess að breiddin, hæfileikarnir, nýsköpunin, frumleikinn og dirfskan sem einkennir sýningarnar, hvort sem það er í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, á Akureyri eða í öðrum leikhúsum sem stofnuð hafa verið af einstökum leikurum, er með slíkum ólíkindum að það er nánast kraftaverk.“

Ólafur minntist orða sinna þegar verðlaununum var ýtt úr vör, að leikhús ættu ekki bara að skemmta, heldur gengju þau líka á hólm við samtímann, hikuðu ekki við að ögra og að ýta við þeim sem með valdið færu. Ólafur lauk svo máli sínu með því að segja að það væri ekki síður mikilvægt að vera tilnefndur til verðlaunanna og að tilnefningar væru kannski stærri heiðursvottur en verðlaunin sjálf, enda gæti alltaf verið tilviljunum háð hver á endanum hlyti verðlaunin.

